Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Það þarf að varast að hafa of mikið byggingarmagn á þessum litla reit. Passa uppá andrými fyrir almenning. Ekki byggja hátt því það er ekki í takt við byggðakönnun Kársnes. Háar byggingar skyggja á sól og útsýni til sjávar. Passa skal uppá sjónlínur til sjávar. Það vantar græn svæði og leiksvæði fyrir almenning á Kársnesi. Lokaðir innigarðar eru ekki að þjóna almenningi á Kársnesinu og í slíkum görðum er yfirleitt mikil skuggamyndun. Græn svæði og leiksvæði þurfa að vera opin. Það þarf að tryggja möguleikann á útivist fyrir íbúa og leiksvæðum fyrir börnin. Það þarf að vera nóg pláss meðfram strandlengjunni til að fólk geti notið nærveru við sjóinn, ekki nóg að hafa 3m ræmu. Ekki skipuleggja hraðhjólastíg alveg ofan í leiksvæði barna eða í gegnum útivistarsvæði þar sem fólk er að njóta náttúru og fuglalífs og viðra hundana sína. Hraðhjólastígar eiga ekki að liggja í gegnum bestu útivistarsvæði Kársnesins því það skapar hættu fyrir bæði hjólandi og gangandi og dregur úr ánægju þeirra sem eru að njóta útivistar og nærveru við náttúruna. Góðar samgöngur skipta máli fyrir íbúa. Það er vöntun á greiðum hjólastígum innan hverfis og þarf að huga að betri tenginu hjólastíga við t.d. skóla, leikskóla og sundlaug.

Höfundur: Berglind Aðalsteinsdóttir/Berglind.ba@gmail.com

Sent inn þann: 21.02.2025 , **Fyrir hönd:**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026